



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM ÚTREIKNING Á HLUTFALLI SVEIFLUJÖFNUNARAUKA Á
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM ÚTREIKNING Á HLUTFALLI
SVEIFLUJÖFNUNARAUKA Á FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

2022 nr. 3

13. júní 2022

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 21. júní nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR um útreikning á hlutfalli sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem skylt er að viðhalda sveiflujöfnunarauka skv. 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr. *Tilgreining landfræðilegrar staðsetningar lánaáhættu.*

Fjármálafyrirtæki skal tilgreina landfræðilega staðsetningu á kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir allar lánaáhættur, þ.m.t. áhættuskuldbindingar í veltubók og allar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar, við útreikning á hlutfalli sveiflujöfnunarauka í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1152/2014, sbr. 3. gr.

3. gr. *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1152/2014 frá 4. júní 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að tilgreina landfræðilega staðsetningu viðkomandi lánaáhættu til að reikna út hlutfall sveiflujöfnunarauka er varðar tiltekna stofnanir, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 68-71.

4. gr. *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 17. tölul. 1. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast gildi 1. júlí 2022.